

**Nd.**

**88. Frumvarp**

til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Ríkisborgarétt skal öðlast: Johan Martin Pettersen Hestnæs, fæddur  
í Noregi.

### Greinargerð.

Johan Martin Pettersen Hestnæs er fæddur í Gimsey í Lofoten í Nor-  
egi 18. ágúst 1869. Hann fluttist til Íslands árið 1905, dvaldi fyrst 2 ár á Seyðis-  
firði, síðan 1 ár í Áltafirði, flutti þaðan til Ísafjarðar árið 1908 og hefir dvalið  
þar síðan, í 22 ár. Hann giftist árið 1909 islenzkri konu. Þau eiga 3 börn.